

Ed.

257. Breytingartillögur

við frv. til laga um bókasöfn prestakalla.

Frá Erlingi Friðjónssyni.

1. Við 2. gr.

- a. Í stað orðanna „Þó má og kaupa til safnanna komi: Svo og.
- b. Orðin: „hvers efnis sem eru“ falli niður.

2. Við 4. gr.:

- a. Við 1. málsgrein. Í stað orðanna: „Kostnaður við störf“ og til enda málsgreinarinnar komi: Bókanefnd starfar kauplaust, en útlagður kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af bókakaupafé.
- b. 3. málsgrein orðist svo: Þau prestaköll ganga fyrir öðrum um styrkveitingu, þar sem ekki eru fyrir bókasöfn, sem prestur og söfnuður getur haft til afnota.